

Skeiða- og gnjúpverjahreppur  
Björgvin Skafti Bjarnason, oddviti  
Árnes  
804 Selfoss

Skeiða- og Gnjúpverjahreppur	
Bnr. 7.0	K/S 24.8.20
Ábm. BVA	Svfr.
Afgr. BVA	( )Bréf ( )St.
Lvm. Til kynningarafgjald.	

## Efni: Brunavarnir á hjólhýsasvæðum

Málsnúmer: 202008-0027

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur að undanfögnu beint sjónum sínum að brunavörnum á hjólhýsasvæðum eftir ábendingar frá slökkviliðum. Um er að ræða hverfi með hjólhýsum, skúrbyggingum, pöllum, fortjöldum og gróðri sem flest hafa ekki verið skipulögð sérstaklega heldur einfaldlega byggst upp án þess að hugað hafi verið að brunavörnum.

Rétt er að benda á að ný tjald- og hjólhýsasvæði eru skipulagsskyld, sbr. ákvæði 1.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og því þarf t.a.m. að huga að brunavörnum.

Vandinn við þessi svæði er m.a. vegna:

- Náandar á milli hjólhýsa sem í sumum tilfellum tengist viðbyggingum, sólpöllum og skjólveggjum og of litlu bili á milli hjólhýsa sem leiðir til hraðrar eldútbreiðslu ef eldur kemur upp á svæðunum.
- Gróðurs sem umlykur svæðin og í sumum tilfellum er byggðin inni í skóglendi.
- Skipulagsleysi sem snýr að fyrirkomulagi flóttaleiða um svæðin og út af þeim en þetta kemur m.a. fram í löngum botnlöngum.
- Slæms aðgengis að slökkvivatni og lélegar aðkomu fyrir slökkvilið.

Svæðin uppfylla því ekki núgildandi kröfur um brunavarnir sem getur skapað mikla hættu komi upp eldur.

Eitt af því sem þarf að hafa í huga varðandi hjólhýsi er að þau eru skoðunarskyld skv. reglugerð um skoðun ökutækja nr. 8/2009, með síðari breytingum, og því er ekki heimilt að taka þau af númerum og nota þau áfram sem íverustað.

Fjallað er um stöðuleyfi í kafla 2.6. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Þar kemur fram að sækja skuli um stöðuleyfi til að láta tiltekna lausafjarmuni standa utan skipulagðra geymslusvæða og eru þar tiltekin hjólhýsi sem standa utan slíkra svæða á tímabilinu 1. október til 1. maí. Byggingarfulltrúi getur veitt stöðuleyfi til geymslu hjólhýsa utan skipulagðra geymslusvæða að uppfylltum skilyrðum í 2.6.1. byggingarreglugerðar. Ekki er að finna skilgreiningu á hjólhýsum í byggingarreglugerð en í ákvæði 2.6.1. er vísað til hjólhýsa sem lausafjarmuna. Það er því unnt að sækja um stöðuleyfi fyrir hjólhýsum ef þau eiga að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna og þá einungis á tímabilinu október til maí.

Í 3. gr. laga um mannvirki og sömuleiðis 1.2.1. gr. byggingarreglugerðar er fjallað um skilgreiningu hugtaksins mannvirki. Þar segir meðal annars að til mannvirkja teljist hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar og skýli. Þá segir í sömu ákvæðum að tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama



stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar, teljast einnig vera mannvirki. Samkvæmt 9. gr. laga um mannvirki, sbr. 2.3.1. gr. byggingarreglugerðar, er óheimilt að reisa mannvirki nema að fengnu byggingarleyfi.

Samkvæmt framangreindu þarf að sækja um byggingarleyfi ef áætlað er að byggja varanleg hús sem eiga að standa árum saman eins og er reyndin í mörgum hjólhýsahverfum. Hjólhýsi eru mjög langt frá því að uppfylla kröfur sem gerðar eru til mannvirkja, m.a. hvað varðar burð og byggingarefni en hjólhýsi eru úr plastefnum með brennanlegri einangrun .

Eitt af því sem stofnunin vill stuðla að til að auka brunaöryggi er að taka upp reglulegt eftirlit með gaskerfum í hjólhýsum og ferðavögnum almennt og koma því þannig fyrir að skoðunaraðilar, sem framkvæma reglubundnar skylduskoðanir á hjólhýsum og ferðavögnum yfirfari gasmálin um leið og hemla og ljós.

Þetta er forgangsmál til að auka öryggi fólks sem notar hjólhýsi og ferðavagna. Það hefur sýnt sig að fólk er ekki meðvitað um að endurnýja slöngur og þrýstijafnara, og hvað þá að láta þrýstiprófa gaskerfin.

Það er á ábyrgð eiganda/og eða rekstraraðila slíkra svæða að tryggja fullnægjandi forvarnir gegn eldsvoða. Tryggja þarf lágmarksfjarlægð milli hjólhýsa innbyrðis því standi þau of þétt saman er mikil hættu á að eldur breiðist á milli þeirra. Einnig þarf að hafa í huga að grisjun gróðurs, þar sem gróður getur borið eldinn á milli, sem og aðkomu slökkviliðs og aðgengi að slökkvivatni.

Með þessu bréfi vill HMS hvetja sveitarfélagið til þess að huga að brunavörnum á hjólhýsasvæðum. Stofnunin telur eðlilegt að skipuleggja eldri svæði þar sem tekið er tillit til öryggismála. Þá vill stofnunin til upplýsinga benda á leiðbeiningar sem gefnar voru út 8. júní 2015 og fjalla um brunavarnir á tjald- og hjólhýsasvæðum sem hægt er að finna á heimasíðu HMS, <https://hms.is>.

Virðingarfyllst,

Davíð S. Snorrason  
forstöðumaður brunamála

Afrit sent á Brunavarnir Árnessýslu.